| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 20. maí 2021 – 2. útg. |
| **Námsgrein** | Enska |
| **Titill** | Enska fyrir sjálfstæðan notanda, b2 |
| **Skammstöfun** | ENSK2BB05 |
| **Viðfangsefni** | Evrópski tungumálaramminn, stig b/2 |
| **Staða áfanga** | Samþykkt af skóla |
| **Þrep áfanga** | 2 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 5 |
| **Lýsing áfanga** | Áhersla er lögð á að nemendur verði vel læsir á flóknari texta en áður. Þeir verða þjálfaðir í að tileinka sér grunnorðaforða vísinda og fræða, tjá hugsun sína skýrt í ræðu og riti og rökstyðja skoðanir sínar með umorðunum og útskýringum. Áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. |
| **Forkröfur áfanga** | ENSK2BA05 |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**<br>• að greina og nota hagnýtan og þverfaglegan orðaforða á markvissan hátt í námi á efri þrepum (miðað við Academic Word List og Word Frequency Lists).<br>• ritheföum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag<br>• orðaforða og málfræði við lestur raun- og bókmenntatexta |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• lesa fjölbreyttar gerðir texta, bæði fræðilegar og bókmenntalegar<br>• beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir gerð texta eða viðfangsefnis<br>• tjá sig munnlega skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér<br>• tjá sig skriflega bæði á formlegan og óformlegan hátt |
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:** |

| | |
|---|---|
| | • skilja fjölbreytta og flókna texta og átta sig á dýpri merkingu þeirra<br>• tjá sig um ýmis efni með viðeigandi orðaforða og eðlilegum hraða og hrynjandi<br>• umorða og leiðrétta sig eftir þörfum<br>• skrifa ritgerðir og stuttar greinar með viðeigandi orðaforða og á skipulegan hátt |
| **Námsmat** | Símat (fjölbreytileg verkefni jafnt og þétt yfir önnina) og lokapróf. |